

RARIK ohf.
Bíldshöfða 9
110 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Mývatni 24. ágúst 2016
UST201608-089/D.Ö.H.
09.07.01

Umsókn um leyfi til lagningar jarðstrengs og spennistöðvar í landi Brettingsstaða, Þingeyjarsveit

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi RARIK ohf., dags. 17. ágúst sl., vegna umsóknar um leyfi til lagningar háspennustrengs að sumarhúsi í landi Brettingsstaða í Laxárdal, landnúmer 188283.

Svæðið nýtur verndar samkvæmt lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu en verndunin nær til Mývatns, votlendis umhverfis vatnið og Laxár að ósum ásamt 200 metra línu frá bökkum vatna.

Samkvæmt 17. gr reglugerðar um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 665/2012, skal leita leyfis Umhverfisstofnunar vegna framkvæmda og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Umhverfisstofnun ber að leita umsagna Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn og Náttúrufræðistofnunar Íslands um leyfisumsókn samkvæmt 17. gr. reglugerðarinnar.

Lýsing framkvæmdar

Samkvæmt umsókn er í fyrsta lagi um að ræða lagningu háspennustrengs frá jarðspennistöð syðri sumarbústaðar á jörðinni, um 1000 metra vegalend eftir vegi á milli húsanna. Strengurinn yrði lagður í vegslóða sem liggur um 180-220 metra frá Laxá í Laxárdal, þ.e. hann fer inn og út af verndarsvæði Mývatns og Laxár. Samkvæmt umsækjanda er hætt við varanlegum skemmdum á kjarri ef strengurinn er lagður ofan vegar og út fyrir verndarsvæðið. Í öðru lagi verður komið fyrir jarðspennistöð í nálægð við bústaðinn, helst ofan vegar rétt áður en komið er að bústaðnum. Við spennistöðina verður útbúinn $3m^2$ malarpúði og stöðin sett ofan á. Um er að ræða 50 kVA spenni með um 500 l af olíu. Tekið er fram að um 40 slíkar spennistöðvar eru nú þegar á Mývatnssvæðinu. Spennustöðin er staðsett innan verndarsvæðisins. Í þriðja lagi verður 60 metra lágspennustreng komið frá jarðspennus töð að bústað. Um 10 metrar lágspennustrengsins verður innan 200 metra verndarlínu Mývatns og Laxár. Áætlað er að hefja framkvæmdir eftir 28. ágúst n.k.

Umsagnir

Í samræmi við 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 leitaði Umhverfisstofnun, þann 18. ágúst s.l., umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúrurannsóknarstöðvarinnar við Mývatn vegna umsóknar RARIK.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við framkvæmdina að settum skilyrðum. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar segir; „Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að leyfi fyrir rafstreng verði veitt fylgi hann vegslóða (eðlilegast væri að jarðstrengur fylgdi vegslóða alla leið að bústað) og jarðrask verði í algjöru lágmarki og frágangur góður.“

Umsögn barst ekki frá Náttúrurannsóknastöðinni við Mývatn.

Áhrifamat

Umhverfisstofnun telur ofangreinda framkvæmd ekki líklega til að hafa varanleg áhrif á lífríki, jarðmyndanir eða landslag verndarsvæðisins ef fylgt verður þeim skilyrðum sem stofnunin setur.

Skilyrði

Umhverfisstofnun veitir, fyrir sitt leiti, leyfi fyrir umræddum framkvæmdum háðum eftirfarandi skilyrðum:

- Verktakar sem koma að framkvæmdinni skulu upplýstir um skilyrði leyfisins og almennar verndarráðstafanir verndaða svæðisins.
- Umhverfisstofnun skal upplýst um upphaf framkvæmdar og verklok.
- Upplýsa skal Umhverfisstofnun um öll frávik frá lýsingu á framkvæmdum sem fram koma í bréfi þessu og umsókn RARIK.
- Rafstrengur skal fylgja vegslóða alla leið að bústað og skal áhrifum öllum á náttúrufar haldið í lágmarki.
- Jarðraski við gerð malarþúða undir jarðspennistöð skal haldið í algeru lágmarki.

Umhverfisstofnun bendir á að Minjastofnun Íslands hefur lagst gegn notkun malarnámu í landi Brettingsstaða staðsetning: N $65^{\circ} 38.08209$; W $17^{\circ} 10.90214$ skv. upplýsingum frá Rúnari Leifssyni minjaverði á norðurlandi eystra.

Gjaldtaka

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi til framkvæmda og vegna starfsemi þar sem hætta er á að spilt verði friðlýstum náttúruminjum, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjaldið er kr. 39.400 fyrir leyfi til starfsemi og framkvæmda, sbr. 24. gr. b. gjaldskrár Umhverfisstofnunar, nr. 535/2015.

Eftirlit

Umhverfisstofnun áskilur sér rétt til gjaldheimtu komi til eftirlits umfram reglubundna landvörslu. Eftirlit er framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun. Innheimt er fyrir eftirlit samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar kr. 13.200 á klukkustund.

Virðingarfyllst

Svava Pétursdóttir

Svava Pétursdóttir
Lögfræðingur

Sigrún Ágústdóttir

Sigrún Ágústdóttir
Sviðsstjóri